






Borgarvirki



Teikningar gerði Daniel Bruun / Drawings by Daniel Bruun.

Upplýsingar

Borgarvirki er talið vera héraðsvígi frá söguöld (ca. 870-1030) og er einstætt hérað. Virkið er forn bergtappi úr stuðlabergi og stendur áberandi í landinu þar sem það rís um 177 metra yfir sjávarmáli. Þaðan er víðsýni mikið um mestalla Húnavatnssýslu og suður um land til Eiríksjökuls og vestur að Tröllakirkju. Náttúran og mannshöndin hafa gert Borgarvirki að upplögðum stað fyrir herflokk að búa um sig til varnar ef vænta mátti ófriðar. Hlaðnir hafa verið rammgerðir grjóttveggir þar sem upp mátti komast. Inn í virkinu eru rústir af tveimur húsum svo og forn brunnur. Sú tilgáta hefur komið fram að virkið hafi upphaflega verið notað sem rétt, en á móti hefur verið bent á að hlaðni veggurinn er reistur utarlega á skansinum en ekki innarlega eins og við mætti búast ef tilgangurinn var að girða af búfénað. Virkisveggirnir fengu umfangsmikla viðgerð árið 1949-50 og voru þá að mestu endurhlaðnir eins og þeir voru áður. Reiknað hefur verið út að vinna við hleðslu Borgarvirkis nemi um 200 dagsverkum og til að verja virkið nokkuð örugglega fyrir umsátursliði hefur

þurft um 150 manns. Þótt umsátur um Borgarvirki hefði mátt tíðindum sæta er engar frásagnir að finna í fornum ritum um notkun virkisins eða í varðveittum gerðum þeirra Íslendinga-sagna sem gerast í héraðinu. Gömul héraðssögn segir að Víga-Barði frá Ásbjarnarnesi léti hlaða virkisveggina til varnar gegn Borgfirðingum er á Heiðarvígum stóð, sem greinir frá í Heiðarvígasögu. Ekki er hægt að útiloka að frásögn um Borgarvirki hafi verið í eldri gerðum sögunnar en þeirri sem varðveist hefur, en munnmælasögurnar má rekja aftur til 17. aldar eða fyrir brunann í Kaupmannahöfn árið 1728, þegar Heiðarvígasaga var til heilli en hún er í dag. Segir að Borgfirðingar hafi ætlað að svelta Barða og menn hans inni til uppgjafar en hörfuðu á brott er Barði lét kasta út síðasta blóðmörsiðrinu. Töldu umsátursmenn, að þá væri gnótt matar hjá virkisbúum. Hvort sagan komi úr Heiðarvígasögu eða eigi annan uppruna verður seint hægt að fullyrða nokkuð um. Borgarvirki er í hópi þeirra fornminja sem fyrstar voru settar undir opinbera vernd árið 1817.



Borgarvirki

Historical Notes

Borgarvirki is believed to be a defensive fortification dating from the early years of Icelandic history after the Settlement (c. 870-1030 AD). It is formed by an ancient volcanic plug of columnar basalt and rises 177 metres above sea level. The natural rock formation, with the addition of manmade fortifications, made Borgarvirki an ideal location for military forces to make a stand against enemies. Sturdy rock walls have been built to prevent assailants scaling the sides, and inside the walls are traces of ancient buildings and a well. The hypothesis has been proposed that Borgarvirki may originally have been used for peaceful purposes as a corral, but sceptics point out that the rock wall has been built at the outer edge of the formation, and not farther in as one would expect if it was intended as an enclosure for livestock. Extensive renovations were carried out on the walls in 1949-50, when they were mostly rebuilt in their original form. Although a siege of Borgarvirki would undoubtedly have been a memorable event, no accounts survive of the stronghold ever being used as such,

in old documents or in the extant versions of the sagas which take place in the region. According to old local tradition, the fortifications are supposed to have been built by Víga-Barði (“Killer-Barði”) of Ásbjarnarnes, who lived around 1000 AD. They were intended for defence against the Borgarfjörður men who had perpetrated the “Slayings on the Heath,” which are recounted in the saga of that name, Heiðarvígasaga. It is conceivable that older, now lost, versions of the saga may have included an account of Borgarvirki; the oral tradition can be traced back to the 17th century, or before the great fire of 1728 in Copenhagen which destroyed so many Icelandic historical manuscripts. The men of Borgarfjörður are said to have besieged Barði and his followers in Borgarvirki, intending to starve them into surrender, but Barði had the last blood-sausage flung out to the besieging forces, to trick them into thinking that he and his men still had plenty of supplies. They were deceived, and gave up the siege. Borgarvirki was one of the first historical sites in Iceland to be granted conservation status, in 1817.

